

Ed.

710. Nefndarálit

um frv. til l. um raforkusjóð.

Frá minni bluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á tveim fundum með allöngu millibili, en meðnefndarmenn mínir eru ekki viðbúnir að taka afstöðu til þess enn þá. Ég lít svo á, að þetta sé hið mesta nauðsynjamál, og þar sem nú mun mjög stutt eftir þingtímans, þykir mér ekki mega dragast lengur að afgreiða það til deildarinnar. Til samkomulags gæti ég fallið á nokkra breytingu á frv., að því er snertir tekjuöflun til raforkusjóðsins, en sé þó ekki ástæða til að bera fram brtt. um það við 2. umr. Mæli ég með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. júní 1941.

Bernh. Stefánsson.